

Fjárhagsáætlun SHS 2023 - 2027



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.,
Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og SHS fasteignir ehf.



Meginforsendur fjárhagsáætlunar

Á 243. fundi stjórnar Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu (SHS), sem haldinn var 14. október 2022, var fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 - 2027 samþykkt.

Fjárhagsáætlun 2023 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagspá Hagstofu Íslands frá 27. júní 2022.

Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftast ef þörf er á. Ýmis yfirlit eru þó uppfærð a.m.k. árlega og send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), s.s. mönnun og viðbragðstími, búnaðar- og tækjalistar, yfirlit yfir menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og yfirlit yfir stöðu reykkafera.

Undirbúningur að nýrri brunavarnaáætlun er í vinnslu hjá SHS og gert er ráð fyrir að hún taki gildi vorið 2023. Fjárhagsáætlun 2023 er því með fyrirvara um breytingar á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja, en samþykki HMS á brunavarnaáætluninni er háð því að SHS uppfylli þau viðmið sem lögð eru þar til grundvallar.

Stytting vinnutíma vaktavinnufólks hjá SHS tók gildi 1. október sl. Helstu breytingarnar eru að vinnuvikan styttest úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks tekur mið af fleiri þáttum en áður. Í nýju launamyndunarkerfi fjölga vaktaálagflokki og vægi vinnustunda er metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks, sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma í allt að 32 tíma á viku. Þá verður greiddur sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta.

Nýtt vaktakerfi slökkviliðs- og sjúkraflutningafólks, byggir á þrískiptum vöktum á virkum dögum og 12 tíma vöktum um helgar sem leiðir til þess að meðalvinnutími á viku verði um 34 stundir þegar búið er að taka tillit til vægi vinnustunda.

Í mars sl. var skrifað undir nýjan samning um sjúkraflutninga, til fimm ára, með heimild til að framlengja um allt að þrjú ár, við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og Landspítala (LSH).

Samið var sérstaklega um að Heilbrigðisráðuneytið með milligöngu SÍ og LSH muni bæta SHS þann kostnað sem hlýst af breyttu vinnufyrirkomulagi sjúkraflutningamanna vegna styttingar vinnuviku, sbr. bókun 3 í samningnum, enda hafi innleiðingarferli verið í samræmi við aðferðafræði og ráðgjöf verkefnastjórnar um Betri vinnutíma. Vinna við innleiðingu á nýju vinnufyrirkomulagi hefur verið í nánú samstarfi við verkefnastjóra hjá Betri vinnutíma, þar sem svokallað Gullinbrúarskjal hefur verið nýtt til að meta kostnaðaraukann við styttinguna.

Niðurstaða þessara vinnu var að kostnaðaruki SHS væri 11% vegna styttingar vinnuviku, sem ráðgjafar Betri vinnutíma samþykktu. Í samþyktri lokaútgáfu Gullinbrúarskjalsins hefur SHS teygst sig eins langt og mögulegt er í hagræðingu til að koma til móts við kröfur Betri vinnutíma.

Þrátt fyrir framangreint og þvert á það sem kemur fram í samningnum, ákvað ráðuneytið að víkja frá ákvæðinu um að bæta ætti kostnað SHS í samræmi við niðurstöðu í Gullinbrúarskjalinu og þess í stað horfa til niðurstöðu fjárhagslegrar greiningar, hækkana til annarrar sambærilegrar þjónustu hjá ríkinu og reynslu sem komin er á innleiðingu hjá ríkisstofnunum og miðað við það ætti hækkun á verðum í samningnum að vera 10%.

Kjarasamningsbundin hækkun launa starfsmanna SHS frá og með 1. janúar 2023 mun taka mið af niðurstöðu kjarasamningsviðræðna á almenna markaðnum núna í haust.

Kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna rennur út 30. september 2023.

Ytri forsendur fjárhagsáætlunar

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum SHS byggja á forsendum frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2023 - 2027, sbr. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 27. júní 2022, sjá töflu hér fyrir neðan. Áætlað er að launavísitala hækki um 5,5% og vísitala neysluverðs um 4,9% fyrir árið 2023.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	7,6	4,3	2,6	2,4	2,8	2,8	2,5
Samneysla	1,8	1,3	1,5	1,3	0,8	0,7	0,9
Fjármunamyndun	13,6	4,6	0,9	1,9	1,9	2,8	2,6
Útflutningur vöru og þjónustu	12,3	17,6	6,3	3,9	2,9	2,5	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	20,3	14,3	4,1	3,3	2,0	2,1	2,1
Verg landsframleiðsla	4,3	5,1	2,9	2,2	2,5	2,4	2,3
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	6,0	3,8	3,7	3,8	3,9	3,9	3,9
Vísitala neysluverðs	4,4	8,8	4,9	3,3	2,6	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-2,4	-5,6	-1,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Þróun launa	8,3	9,1	5,5	4,2	4,2	4,1	4,1

Tafla 1: Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Vísitala neysluverðs árið 2022 byggir á raunþróun ársins en árin 2023-2027 er miðað við þjóðhagsspá Hagstofu.

Forsendur um gjaldskrárbreytingar

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

Gjaldskrá SHS er sett með heimild í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Á 243. fundi stjórnar var ný gjaldskrá fyrir árið 2023 samþykkt. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá.

Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlunir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærrí fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

Fjárhagsáætlun 2023

Samhliða kynningu á 3ja mánaða uppgjöri 20. maí sl. var lögð fram útkomuspá fyrir 2022, þar sem gert er ráð fyrir að tekjur verði um 113 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir og að rekstrarkostnaður verði um 159 m.kr. hærrí en áætlun. Útkomuspá 2022 gerir því ráð fyrir að afkoma ársins verði neikvæð um tæpar 90 m.kr.

Tekjur af sjúkraflutningum stefna í að verða um 80 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2022, þar sem fjöldi flutninga hefur verið heldur meiri en áætlað. Jafnframt er gert ráð fyrir að launakostnaður ársins verði um 159 m.kr. hærrí en áætlað var, þar vegur þýngst eingreiðsla til framlínustarfsmanna, nýtt starfsmat þar sem nýliðar í varðliðinu hækka um 6% umfram það sem gert var ráð fyrir, hærrí yfirvinnukostnaður vegna Covid veikinda starfsfólks í vaktavinnu í byrjun ársins og hagvaxtarauki.

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar hjá SHS, er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2022 áætlun	ÚT-2022 útkomuspá	Á-2023 áætlun	Breyting Á-22 til Á-23	Hlutfall Á-22 til Á-23	Hlutfall ÚT-22 til Á-23
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna rekstrars SHS.....	2.195.575	2.195.575	2.353.200	157.625	7,2%	7,2%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	68.787	68.787	116.700	47.913	69,7%	69,7%
Eigendur vegna almannaavarna AHS.....	21.094	21.094	22.300	1.206	5,7%	5,7%
Tekjur frá eigendum alls:	2.285.456	2.285.456	2.492.200	206.744	9,0%	9,0%
Sjúkraflutningar.....	1.663.074	1.743.074	1.939.000	275.926	16,6%	11,2%
Sértekjur.....	91.573	125.000	96.100	4.527	4,9%	-23,1%
SHS fasteignir.....	113.278	113.278	118.800	5.522	4,9%	4,9%
Aðrar tekjur alls:	1.867.925	1.981.352	2.153.900	285.974	15,3%	8,7%
Rekstrartekjur alls:	4.153.381	4.266.808	4.646.100	492.719	11,9%	8,9%
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.452.315	3.611.700	3.870.500	418.185	12,1%	7,2%
Annar rekstrarkostnaður.....	596.766	596.766	612.800	16.034	2,7%	2,7%
Rekstrargjöld alls:	4.049.081	4.208.466	4.483.300	434.219	10,7%	6,5%
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliðir	104.300	58.342	162.800	104.458		
Afskriftir.....	(134.000)	(134.000)	(147.000)	(13.000)		
Fjármagnsliðir.....	(14.000)	(14.000)	(14.000)	0		
Rekstrarniðurstaða	(43.700)	(89.658)	1.800			

Rekstrarniðurstaða

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlunir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærrí fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins verði í járnnum, þegar tekið er tillit til 15 m.kr. hagræðingar í öðrum rekstrarkostnaði og að framlag í fjárfestingarsjóð verði í takt við ákvæði í stofnsamningi SHS.

Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2023 eru 4.646 m.kr., sem er um 12% hækkun miðað við áætlun 2022 en um 9% miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 2.492 m.kr. eða um 54% af heildartekjum og hækka samtals um 207 m.kr. (9%) frá 2022. Tekjur af sjúkraflutningum eru um 42% af heild eða 1.939 m.kr. og hækka um 276 m.kr. (17%). Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 215 m.kr. eða um 4% af heildartekjum.

Í fjárhagsáætlun fyrir 2023 er gert ráð fyrir verð í samningum um sjúkraflutninga við ríkið hækki um 10% frá og með 1. júlí 2022. SHS hefur óskað eftir að SÍ og ráðuneytið endurskoði ákvörðun sína og tekið verði mið af niðurstöðu Gullinbrúarskjalans, sbr. umfjöllun hér að framan.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2022	ÚT-2022	Á-2023	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-22 til Á-23	Á-22 til Á-23	ÚT-22 til Á-23
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	2.195.575	2.195.575	2.353.200	157.625	7,2%	7,2%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	68.787	68.787	116.700	47.913	69,7%	69,7%
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	21.094	21.094	22.300	1.206	5,7%	5,7%
Tekjur frá eigendum alls:	2.285.456	2.285.456	2.492.200	206.744	9,0%	9,0%
Sjúkraflutningar.....	1.663.074	1.743.074	1.939.000	275.926	16,6%	11,2%
Sértekjur.....	91.573	125.000	96.100	4.527	4,9%	-23,1%
SHS fasteignir.....	113.278	113.278	118.800	5.522	4,9%	4,9%
Aðrar tekjur alls:	1.867.925	1.981.352	2.153.901	285.976	15,3%	8,7%
Rekstrartekjur alls:	4.153.381	4.266.808	4.646.100	492.720	11,9%	8,9%

Fjárhæðir í þús. kr.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Framlag til rekstrar verði um 2.353 m.kr. sem er um 7,2% uppsöfnuð hækkun miðað við áætlun 2022, þar af er um 5,4% vegna hækkunar launa- og neysluvísitölu og 1,7% vegna aukins launakostnaðar í tengslum við fyrirsjáanlega launaþróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar 2023.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlag eigenda fyrir árið 2023 verði 117 m.kr., miðað við gengi SDR 31. ágúst 2022.

Á árinu 2022 var samþykkt að lækka framlagið til fjárfestinga um 54 m.kr. tímabundið til að koma til móts við hækkun á framlagi eigenda vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks, sem skýrir hækkun á milli ára.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlagið hækki í takt við áætlaða hækkun launa- og neysluvísitölu 2023.

Tekjur af sjúkraflutningum – Sjúkratryggingar Íslands

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af sjúkraflutningum 2023 verði um 1.939 m.kr. sem er um 276 m.kr. (17%) hækkun miðað við áætlun 2022 og um 11% miðað við útkomuspá 2022. Eins og fram hefur komið þá er gert ráð fyrir 10% hækkun á verðum í samningnum frá og með 1. júlí 2022, vegna styttingar vinnutíma sjúkraflutningafólks.

Frá og með 1. janúar 2023 hækka verð í samningnum í samræmi við vegna meðaltalshækkun launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%).

Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga 2022 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (1,9%) en fjöldi millispítalaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjölgun ríflega 1%.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við þróun neysluvísitölu 2023 og verði um 119 m.kr.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki um 4,5 m.kr. (5%) miðað við áætlun 2022 eða í takt við verðlag og verði um 96 m.kr. 2023.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 4.483 m.kr. á árinu 2023 sem er um 434 m.kr. (11%) hækkun frá áætlun 2022 og um ríflega 7% miðað við útkomuspá. Laun og launatengd gjöld hækka um 467 m.kr. (12%) og annar rekstrarkostnaður um 16 m.kr. (3%) frá áætlun 2022.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2022	ÚT-2022	Á-2023	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-21 til Á-22	Á-21 til Á-22	ÚT-21 til Á-22
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.452.315	3.611.700	3.870.500	418.185	12,1%	7,2%
Annar rekstrarkostnaður.....	596.766	596.766	612.800	16.034	2,7%	2,7%
Rekstrargjöld alls:	4.049.081	4.208.466	4.483.300	434.218	10,7%	6,5%

Fjárhæðir í þús. kr.

Laun og launatengd gjöld eru um 86% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 14%. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum sem hafa bein áhrif á launakostnað næsta árs og þróun annars rekstrarkostnaðar.

Launakostnaður

Kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er laus 30. september 2023. Kjarasamningsbundin launahækkun í nágildandi samningi 1. janúar 2023 mun taka mið af samningsbundnum launahækkunum á almenna markaðnum haustið 2022.

Stytting vinnutíma vaktavinnufólks mun hækka launakostnað um 61 m.kr. 2023 miðað við 2022, þar sem hluti af hópnum sem ráðinn var inn til að mætta styttri vinnuskyldu starfsmanna á vöktum byrjaði 1. apríl 2022 og fær því laun í 12 mánuði 2023 í stað 9 mánaða 2022. Jafnframt þarf af fjölga sumarstarfsmönnum 2023 miðað við 2022 vegna styttingar.

Launakostnaður 2023 leiðréttur með tilliti til einkisgreiðslu til framlínustarfsmanna í maí og afturvirkar hækkanir vegna starfsmats 2022 og óvenju mikillar yfirvinnu í upphafi árs vegna Covid-veikinda, samtals 64 m.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að launakostnaður vegna launahækkana 2023 verði samtals um 202 m.kr. (5,5%), þ.e. kjarasamningsbundin launahækkun 1. janúar 2023, hagvaxtarauki 1. maí 2023 og svo launahækkun frá og með 1. október 2023 í kjölfar nýs kjarasamnings.

Launaþróun varðliðsins hækkar launakostnað 2023 um 60 m.kr. (1,7%). Áætlunin gerir ráð fyrir að ríflega þriðjungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar. Einnig er gert ráð fyrir að fjölga þurfi í stöður varðstjóra vegna breytinga á vaktakerfi í kjölfar styttingar vinnutíma vaktavinnufólks.

Heildarlaunakostnaðar hjá SHS 2023 hækkar um 259 m.kr. (7,2%) miðað við útkomuspá 2022.

Taflan sýnir sundurliðun á áætluðum heildarlaunakostnaði 2023.

Heildarlaunakostnaður	Á-2022 áætlun	ÚT-2022 útkomuspá	Á-2023 áætlun	Breyting	Hlutfall
Launakostnaður	3.452.315	3.611.700	3.611.700	159.385	4,4%
Aukin launakostnaður v/styttingar 2023.....			42.000	42.000	
Sumarstarfsmenn - fjölgun v/styttingar (4 stm) .			19.000	19.000	
Einkisgreiðsla 2022.....		(64.100)	(64.100)	(64.100)	
Reglubundin launakostnaður	3.452.315	3.547.600	3.608.600	156.285	4,4%
Kjarasamningsbundnar breytingar:					
Launaþróun 2023 varðliðsins.....			60.000		1,7%
Launahækkun 2023 samtals.....			201.900		5,5%
Launaþróun og kjarasamningar alls:			261.900		7,3%
Laun als:	3.452.315	3.611.700	3.870.500	258.800	7,2%

Fjárhæðir í þús. kr.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,5%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (4,9%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Í áætlun 2023 er gert ráð fyrir hagræðingu samtals um 15 m.kr., m.a. fellur niður hluti af kostnaði vegna nýráðninga 2022. Annar rekstrarkostnaður hækkar því samtals um 16 m.kr. (3%) 2023, miðað við áætlun 2022.

Sjóðstreymi og fjárfestingar

Í útkomuspá sem kynnt var samhliða 3ja mánaða uppgjöri 2022 var gert ráð fyrir að heildarfjárfesting ársins yrði allt að 520 m.kr., ljóst er að það gengur ekki eftir og nú er gert ráð fyrir að fjárfesting ársins verði um 110 m.kr. Fjárfesting samtals að fjárhæð 410 m.kr. frestast til 2023, þar vegur þyngst fjárfesting í tveimur nýjum körfubílum, kaup á slökkvibíl fyrir Kjalarnesið og svo húsnæðisframkvæmdir í Hafnarfirði.

Meðfylgjandi tafla sýnir sjóðstreymi eins og það kom fram í samþykktri áætlun fyrir 2022, útkomuspá 2022 og áætlun 2023.

Sjóðstreymi	Á-2022	ÚT-2022	Á-2023
	áætlun	útkomuspá	áætlun
Rekstrarniðurstaða.....	(43.700)	(89.658)	1.800
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárfesting:			
Afskriftir.....	134.000	134.000	147.000
Verðbætur og gengismunur.....	6.656	6.656	6.656
	96.956	50.998	155.456
Viðskiptakröfur lækkun (hækkun).....	6.029	6.029	6.029
Aðrar skammtímakröfur (lækkun) hækkun... .	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	102.985	57.027	161.485
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. .	(400.000)	(110.000)	(520.000)
Afborganir langtímalána.....	(12.462)	(12.462)	(12.462)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(309.477)	(65.435)	(370.977)
Handbært fé í byrjun árs.....	385.080	757.377	691.942
Handbært fé í lok árs	75.603	691.942	320.965

Fjárhæðir í þús. kr.

Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 520 m.kr., þ.e.:

- Kaup á tveimur nýjum körfu-/stigabifreiðum fyrir um 320 m.kr. Útboðið hefur verið auglýst á EES svæðinu og ef allt gengur í samræmi við áætlun þá ættu bifreiðarnar að vera afhentar fyrir lok árs 2023.
- Undirbúningur á nauðsynlegri endurnýjun búningastöðu kvenna og viðhaldi á slökkvistöðinni í Hafnarfirði er í gangi og gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði boðnar út á næstu vikum, gert er ráð fyrir að um 65 m.kr. kostnaður vegna þessa falli til 2023.
- Lokaframkvæmdir á æfingaaðstöðunni á lóð SHS í Hafnarfirði í samstarfi við Slysavarnaskóla sjómanna er á áætlun 2023 og gert ráð fyrir að hlutur SHS verði um 35 m.kr.
- Kaup á nýrri dælubifreið sem staðsett yrði á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi, 30 m.kr.
- Tvær nýjar gámabifreiðar, sem átti skv. brunavarnaáætlun að endurnýja 2021 og 2022 og hefur frestast, samtals 40 m.kr.
- Endurnýjun á ýmsum búnaði slökkviliðs 30 m.kr., t.a.m. reglubundin endurnýjun á reykköfunarbúnaði.

Undirbúningur að byggingu á nýrri slökkvistöð í stað stöðvarinnar á Tunguhálsi hefur verið í gangi með hléum. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti fjármögnun á byggingu nýrrar slökkvistöðvar verður háttáð en áhrifa hennar mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

Framlög eigenda

Eigendur greiða framlög til rekstrar í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan í samræmi við 10. gr. stofnsamnings SHS. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2021 skiptingunni fyrir áætlun 2023. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2022 til áætlunar 2023 í takt við íbúapróun á svæðinu.

Hlutfallslegar breytingar milli ára	Íbúar 2020	Íbúar 2021	breytingar fjöldi	breyting hlutfall	hlutfall 2022	hlutfall 2023
Eigendur vegna slökkviliðs						
Reykjavík.....	133.181	135.681	2.500	1,88%	56,40%	56,40%
Kópavogur.....	38.209	38.987	778	2,04%	16,18%	16,21%
Hafnarfjörður.....	29.752	29.742	(10)	-0,03%	12,60%	12,36%
Garðabær.....	17.668	18.404	736	4,17%	7,48%	7,65%
Mosfellsbær.....	12.562	13.023	461	3,67%	5,32%	5,41%
Seltjarnarnes.....	4.744	4.728	(16)	-0,34%	2,01%	1,97%
	236.116	240.565	4.449	1,88%	100,00%	100,00%

Íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. desember 2020 til 1. desember 2021

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 4.449 á tímabilinu, eða um 1,9%, skv. Hagstofu Íslands. Fjölgun var mismikil eftir sveitarfélögum, fækkun á Seltjarnarnesi og Hafnarfirði, en íbúum Garðabæjar fjölgaði hlutfallslega mest (4,2%), sem hefur áhrif á framlag þeirra til SHS á rekstrarárinu 2023.

Taflan sýnir áætlað framlag hvers eiganda til reksturs SHS, AHS og í fjárfestingasjóð SHS á árinu 2023, samanborið við áætlun ársins 2022.

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2022	Á-2023	Breytingar	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	2.195.575	2.353.200	157.625	7,2%
Vegna fjárfestinga SHS.....	68.787	116.700	47.913	69,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	21.094	22.300	1.206	5,7%
Alls:	2.285.456	2.492.200	206.745	9,0%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.289.097	1.405.613	116.516	9,0%
Vegna reksturs SHS.....	1.238.412	1.327.228	88.816	7,2%
Vegna fjárfestinga SHS.....	38.799	65.820	27.021	69,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	11.886	12.565	679	5,7%
Kópavogur	369.836	403.893	34.057	9,2%
Vegna reksturs SHS.....	355.295	381.370	26.075	7,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	11.131	18.913	7.782	69,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.410	3.610	200	5,9%
Hafnarfjörður	287.978	308.118	20.140	7,0%
Vegna reksturs SHS.....	276.655	290.935	14.280	5,2%
Vegna fjárfestinga SHS.....	8.668	14.428	5.761	66,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.655	2.754	99	3,7%
Garðabær	171.014	190.660	19.646	11,5%
Vegna reksturs SHS.....	164.290	180.027	15.738	9,6%
Vegna fjárfestinga SHS.....	5.147	8.928	3.781	73,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.577	1.704	128	8,1%
Mosfellsbær	121.591	134.914	13.323	11,0%
Vegna reksturs SHS.....	116.810	127.391	10.580	9,1%
Vegna fjárfestinga SHS.....	3.660	6.318	2.658	72,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.121	1.206	85	7,6%
Seltjarnarnes	45.919	48.981	3.062	6,7%
Vegna reksturs SHS.....	44.113	46.249	2.136	4,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	1.382	2.294	912	66,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	423	438	14	3,4%
Kjósarhreppur	22	23	1	4,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	22	23	1	4,2%

Fjárhæðir í þús.kr.

Kjósarhreppur er ekki eigandi SHS heldur sér SHS um þjónustu við hreppinn í verktöku samkvæmt samningi. Greiðslur Kjósarhrepps fyrir þjónustuna heyrja því undir sértekjur. Hins vegar er hreppurinn aðili að almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og greiðir því framlag til reksturs AHS í hlutfalli af íbúafjölda eins og hin sveitarfélögin.

Fjárhagsáætlun 2024 - 2027

Eins og áður hefur komið fram þá byggir fjárhagsáætlun 2023 á þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS. Ný brunavarnaáætlun á að taka gildi vorið 2023 og því er áætlun 2023 með fyrirvara um breytingar á mönnum meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja. Rammaáætlun fyrir árin 2024 – 2027 er því einnig birt með sömu fyrirvörum sem hefðu þá áhrif á fjárhagsáætlun liðsins.

Í fjárhagsáætlun fyrir árin 2024 - 2027, er á verðlagi 2023.

Rekstur	Á föstu verðlagi 2023				
	Á-2023	Á-2024	Á-2025	Á-2026	Á-2027
Rekstrartekjur:	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun
Tekjur frá eigendum.....	2.492.200	2.492.200	2.492.200	2.492.200	2.492.200
Sjúkraflutningar.....	1.939.000	1.939.000	1.939.000	1.939.000	1.939.000
Aðrar tekjur.....	214.900	214.900	214.900	214.900	214.900
Rekstrartekjur samtals	4.646.100	4.646.100	4.646.100	4.646.100	4.646.100
Rekstargjöld:					
Laun og launatengd gjöld.....	3.870.500	3.870.500	3.870.500	3.870.500	3.870.500
Annar kostnaður.....	612.800	612.800	612.800	612.800	612.800
Rekstargjöld samtals	4.483.300	4.483.300	4.483.300	4.483.300	4.483.300
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	162.800	162.800	162.800	162.800	162.800
Afskriftir.....	(147.000)	(147.000)	(147.000)	(147.000)	(147.000)
Fjármagnsliðir.....	(14.000)	(14.000)	(14.000)	(14.000)	(14.000)
Rekstrarniðurstaða	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800

Fjárhæðir í þús. kr.

Sjóðstreymi	Á föstu verðlagi 2023				
	Á-2023	Á-2024	Á-2025	Á-2026	Á-2027
Rekstrarniðurstaða	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir.....	147.000	147.000	147.000	147.000	147.000
Verðbætur og gengismunur.....	6.656	6.656	6.656	6.656	6.656
	155.456	155.456	155.456	155.456	155.456
Viðskiptakröfur lækkun (hækkun).....	6.029	6.029	6.029	6.029	6.029
Aðrar skammtímakröfur (lækkun) hækkun..	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	161.485	161.485	161.485	161.485	161.485
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .	(520.000)	(150.000)	(150.000)	(150.000)	(150.000)
Afborganir langtímalána.....	(12.462)	(12.462)	(12.462)	(12.462)	(12.462)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(370.977)	(977)	(977)	(977)	(977)
Handbært fé í byrjun árs.....	691.942	320.965	319.989	319.012	318.036
Handbært fé í lok árs	320.965	319.989	319.012	318.036	317.059

Fjárhæðir í þús. kr.